

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi 3. apríl 2018

Umsögn Öldungaráðs Seltjarnarnesbæjar (ÖS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum), þskj. 252, 178. mál.

Öldungaráði Seltjarnarnesbæjar (ÖS) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar af hálfu Seltjarnarnesbæjar -- og fjallaði ráðið um það á fundi ráðsins 14. mars s.l. með eftirfarandi niðurstöðu:

Öldungaráð Seltjarnarnesbæjar lýsir ánægju með frumvarpið, einkum að tryggt skuli vera að makar geti búið saman og þar með leiði vistun á dvalar- eða hjúkrunarheimili ekki til þess að einstaklingar verði þvingaðir úr sambúð. Þá er ánægjulegt að stefnt skuli að því að allir eigi völ á að búa í einbýli og geti því búið í friðsemd og ráðið meiru en ella um hvernig þeir haga eigin lífi. Telur ráðið brýnt og eðlilegt að koma þessari umbót í framkvæmd sem allra fyrst.

Mikilvægt er að breytingin úr fjölbýli í einbýli verði ekki, nema þá örskamma hríð, til fækkunar á dvalarymum heldur verði hert á nýbyggingum til að mæta henni.

Þegar maki óskar að dvelja hjá maka sínum sem þarfnast dvalar- eða hjúkrunarheimilisvistar er kveðið á um að kostnaði skuli stillt í hóf, sbr. 3. gr. b lið, og að maki sem ekki þarfnast hjúkrunar greiði sanngjarna leigu vegna veru sinnar og þann kostnað sem af dvöl hans hlýst. Það er matsatriði hvað telja beri sanngjarnt og geta skoðanir um það verið skiptar. Þetta orðalag er því full óljóst og æskilegt að kveðið verði skýrar að orði um að greiðslan sé fyrir húsnæði og fæði. M.ö.o. telur ráðið að vera þurfi ljóst í lögnum sjálfum hvað falli undir kostnað heilbrigða makans, og að gengið verði út frá að fjárhæðin verði aldrei svo há að úr verði þröskuldur sem hamli að sambúðarmakinn geti notfært sér heimildina til búsetu með vistuðum maka sínum á dvalar- eða hjúkrunarheimilinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Öldungaráðs Seltjarnarnesbæjar,

Ólafur Egilsson formaður / Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri